

Yfirlýsing peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn lækkar vexti

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,75 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 4,75% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 6,0%. Vextir á lánnum gegn veði til sjö daga lækka í 6,25% og daglánavextir í 7,75%.

Verðbólga minnkaði áfram í ágúst, eftir töluverða hjöðnun frá því í mars. Tólf mánaða verðbólga var 4,5% í ágúst, eða 3,8% ef áhrif hærri neysluskatta eru frátalin. Slaki í þjóðarbúskapnum og gengishækkun krónunnar það sem af er ári styðja við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.

Þjóðhagsreikningar fyrir annan fjórðung ársins benda til þess að eftirspurn og hagvöxtur séu í meginatriðum í takt við uppfærða spá Seðlabankans frá því í ágúst, þótt veikari fjárfesting bendi til þess að samdrátturinn í ár verði nær því sem spáð var í maí. Enn er þó gert ráð fyrir að efnahagsbati hefjist á seinni hluta ársins. Verðbólguhorfur eru einnig svipaðar og þær voru í ágúst. Gert er ráð fyrir að verðbólga án áhrifa neysluskatta verði við markmið bankans í lok árs og að hún verði komin nokkuð niður fyrir það snemma á næsta ári. Verðbólguvæntingar hafa einnig lækkað að undanförmu.

Frá fundi peningastefnunefndarinnar í ágúst hefur gengi krónunnar hækkað um u.þ.b. 1/2% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu og evru. Reglubundin kaup Seðlabankans á gjaldeyri hófust 31. ágúst síðastliðinn. Eins og við var búist, virðast þau ekki hafa haft áhrif á stöðugleika krónunnar. Gjaldyrishöftin, þróun viðskiptakjara og annarra þátta sem áhrif hafa á viðskiptajöfnuð, ásamt aðhaldsstigi peningastefnunnar í samanburði við helstu viðskiptalönd halda áfram að styðja við gengi krónunnar.

Horfur eru á að þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ljúki fyrir septemberlok. Að henni lokinni verða skilyrði þess að halda áfram að leysa gjaldyrishöftin til staðar hvað áhrærir gjaldeyrisforða og þjóðhagslegan stöðugleika. Auk þess hefur dregið verulega úr óvissu um styrk fjármálakerfisins í kjölfar nýlegs dóms Hæstaréttar um viðmiðunarvexti lánasamninga sem innihalda óskuldbindandi gengistryggingarákvæði. Skilyrði þess að leysa höftin eru því nær því að vera fyrir hendi en þau voru í ágúst, en það flækir framkvæmd peningastefnunnar til skamms tíma litið.

Nefndin telur að eitthvert svigrúm sé enn til staðar til áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist og hjaðni verðbólga eins og spáð er. Áætlanir um afnám hafta á fjármagnshreyfingar skapa hins vegar óvissu um hversu mikið svigrúmið er til skemmri tíma. Nefndin er reiðubúin til þess að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma litið.